

Tillaga aðalstjórnar að reglugerð fyrir fulltrúaráð ÍBV íþróttafélags

Reglugerð um fulltrúaráð ÍBV íþróttafélags, sbr. 7. gr. laga félagsins.

1. gr.

Verkefni fulltrúaráðsins skal vera að vinna að eflingu íþróttastarfsemi ÍBV íþróttafélags, vera ráðgefandi og leiðbeinandi sérstaklega varðandi heildarstarfsemi félagsins og sérskipulags framkvæmda og fjármála í samræmi við lög félagsins.

2. gr.

Meðlimir fulltrúaráðsins geta þeir félagar ÍBV íþróttafélags orðið, sem starfað hafa um langan tíma fyrir félagið, eru orðnir 35 ára, hafa hlotið samþykki 2/3 hluta löglega boðaðs fundar í fulltrúaráði og ennfremur verið samþykktir af 2/3 hluta aðalstjórnar.

3. gr.

Meðlimir fulltrúaráðsins skulu ekki vera færri en 30 talsins hverju sinni, og eru formenn deilda og aðalstjórnar ÍBV íþróttafélags sjálfkjörnir í fulltrúaráðið.

4. gr.

Fundi skal halda svo oft sem þurfa þykir.

5. gr.

Stjórn fulltrúaráðsins skal skipuð 3 mönnum, formanni, varaformanni og ritara, ásamt 3 mönnum til vara, og skal hún í hvert sinn kjörin á fyrsta fundi ráðsins eftir aðalfund ÍBV íþróttafélags.

6. gr.

Aðalstjórn ÍBV íþróttafélags er skylt að leggja fyrir fulltrúaráðið til umsagnar meiriháttar áform hennar, t.d. félagsslit og þau málefni, sem geta haft verulega fjárhagslega þýðingu, svo sem byggingaframkvæmdir, kaup, sölu og veðsetningar á fasteignum félagsins.

7. gr.

Fulltrúaráðið getur skotið þeim málum, sem aðalstjórn leggur fyrir það, til aðalfundar eða aukaaðalfundar og er úrskurður þess fundar um mál félagsins endanlegur.

8. gr.

Ef fulltrúi mætir ekki eða boðar forföll í heilt ár, skal stjórn ráðsins kynna sér fjarveruástæður hans. Ef fulltrúaráðið telur ástæðu til, getur það veitt honum lausn úr ráðinu, þó aðeins að fengnu samþykki aðalstjórnar ÍBV íþróttafélags.

9. gr.

Breytingar á reglugerð þessari þurfa samþykki 2/3 hluta á aðalfundi félagsins.